

ÍPRÓTTASTYRKIR

og nám í Bandaríkjunum

Hvað er ípróttastyrkur?

Ein leið til að fjármagna nám í Bandaríkjunum er að fá styrk til að stunda ípróttir og keppa fyrir hönd skólans. Þessi leið er nokkuð erfið, því það þarf mikla vinnu við að finna rétta skóla og sannfæra þjálfara um eigið ágæti. Kröfur til ípróttamanna eru miklar og eru nemendur krafðir um töluverðan tíma í þjálfun og keppni. Námsárangur skiptir miklu máli því ef nemendur standa sig ekki í námi mega þeir ekki keppa fyrir hönd skólans. Á móti kemur að oft er góð þjónusta við ípróttamenn, þeir fá oft aðstoð við námið og aðstaða til ípróttanna er yfirleitt mjög góð.

Undirbúningur

- **Rannsaka hvaða ípróttasamtök (og skólar) eiga við þig og þína hæfileika**
 - National Collegiate Athletic Association (NCAA) Division I, II eða III; National Association of Intercollegiate Athletics (AIA) eða National Junior College Athletic Association (NJCAA). Hjá heimasíðum samtakanna er hægt að nálgast hvaða skólar styrkja viðkomandi íprótt og heimilisföng ípróttadeildanna.
- **Ípróttiferill**
 - Búðu til ípróttferilskrá/bréf. Taktu fram ípróttafrek þín, þ.a.m. hvaða liðum þú hefur spilað með, mót sem þú hefur keppt á, tíma (ef við á), árangur, tölfræði o.s.frv. sem lýsir þér og þínum hæfileikum vel. Ef alþjóðlegir staðlar eru til til að mæla árangur í þinni íprótt er kjörið að nota það hér.
- **Myndefni**
 - Láttu fylgja myndefni af þér sem inniheldur hápunkta og/eða hluta úr leikjum eða keppni, t.d. eitt sett í tennis, hálfan körfuboltaleik o.s.frv. sem sýnir þig í verki
- **Námsferill**
 - Þú þarft að skila inn námsferli og prófskírteini (opinber eintök, ekki skjáskot af innri vef) til bandarísku háskólanna og NCAA/NAIA hæfismiðstöðvanna. Láttu fylgja með útskýringu á íslenska einkunnar matskvarðanum.
- **Meðmæli/meðmælabréf frá þjálfara**
 - Þjálfari getur reynst dýrmætur stuðningsaðili og getur undirstrikað hvað þú hefur fram á að færa við háskólann. Algengt er að þjálfarar skólans í Bandaríkjunum vilji hafa samband við meðmælandann svo mikilvægt er að hafa tengiliðaupplýsingar.
- **SAT/ACT og TOEFL**
 - NCAA krefst SAT prófsins af öllum ípróttamönnum. Skoðaðu kröfur hjá samtökunum og skólunum sem eiga við þig hvaða próf þú þarft að taka.
 - TOEFL prófið þurfa allir að taka sem ætla í nám til Bandaríkjanna
- **Hafðu samband við þjálfara skólans í Bandaríkjunum**
 - Þegar þú hefur fundið skóla sem passar við þig skaltu hafa samband við þjálfara skólans til að athuga hvort þeir vilji bjóða þér samning (Hér skaltu passa að láta ípróttiferilinn fylgja með).
- **Ef allt gengur eftir þá sækirðu um skólavist skv. leiðbeiningum skólans**

Styrkir eru misháir.

Sumir bjóða afslátt af skólagjöldum, aðrir niðurfellingu skólagjalda og enn aðrir bjóða upp á full skólagjöld og alla framfærslu.

Skólarnir mega ekki greiða fargjöld til og frá skóla og gætu nemendur þurft að sanna fjárhagslega getu til að standa undir þessum gjöldum.

Ípróttastyrkir eru skattskyldir og nemandi þarf að sjá um sín skattamál.